



<b>Tillaga</b>	A 1927/UVU Þingmannatillaga um að hafna öllum tillögum sem takmarka útflutning á orku
<b>Flytjandi</b>	Flokkahópur miðjumanna
<b>Afgreiðsla</b>	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

## Þingmannatillaga um að hafna öllum tillögum sem takmarka útflutning á orku

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að hafna öllum tillögum sem takmarka orkuskipti milli Norðurlandanna og einnig Evrópulanda og styrkja um leið hið norræna orkumálasamstarf.

### Bakgrunnsupplýsingar

Ólögleg innrás Rússlands í Úkraínu, notkun þess á gasi sem vopni gegn Evrópu og sú mótaðgerð Evrópusambandsins að hætta allri notkun á rússnesku gasi hefur leitt til verulegs vanda í orkumálum á meginlandi Evrópu. Sögulegir þurrkar vegna loftslagsbreytinga af mannavöldum gera ástandið enn verra. Orkuverð hefur í kjölfar þessa náð áður óþekktum hæðum í allri Evrópu.

Þessar aðstæður gera það mikilvægara en nokkru sinni fyrr að Norðurlöndin haldi áfram samstarfi sínu í orkumálum og styrki það innan evrópsks orkumálasamstarfs – bæði til að hraða á þróun orkuvænni orkukerfa og til að sem fyrst verði hægt að beita árangursríkum viðurlögum gegn notkun rússnesks gass í Evrópu.

Í júlí 2022 [hafnaði Jonas Gahr Støre forsætisráðherra Noregs því að grípa inn í orkumarkaðinn og takmarka orkuútflutning](#) frá Noregi til annarra landa. En einum mánuði síðar [hefur norska ríkisstjórnin við ýmis tilefni gefið til kynna að til skoðunar sé úrræði](#) sem takmarka útflutning á orku frá Noregi.

Flokkahópur miðjumanna hefur miklar áhyggjur af þessum mögulega viðsnúningi og telur þetta vera alvarlegt merki um veingingu hins norræna orkumálasamstarfs. Í ljósi reyningu af COVID-19-faraldrinum veur það áhyggjur að enn sé til skoðunar að takmarka norrænt samstarf þvert á landamæri.



Þrjú orkufyrirtæki í eigu hins opinbera, Fingrid, Svenska Kraftnät og Energinet, sendu [hinn 19. ágúst 2022 bréf til norsku ríkisstjórnarinnar](#) þar sem lögð var áhersla mikilvægi þess að halda landamærum opnum fyrir innflutningi og útflutningi raforku og vöruðu við því að takmarka útflutning úr raforkukerfinu. Þau halda því fram að slíkar takmarkanir geti hvatt önnur lönd til að gera slíkt hið sama, sem myndi hafa í för með sér mun neikvæðari áhrif fyrir bæði norræna og evrópska orkumarkaði.

Flokkahópur miðjumanna styður þessa áskorun. Hópurinn biður ríkisstjórnir Norðurlandanna um að eiga í nánara samstarfi til að tryggja framboð á raforku á Norðurlöndum og leggja til hliðar allar tillögur um að takmarka orkuskipti milli landanna.

Reykjavík, 6. september 2022

*Anders Adlercreutz (sv)*  
*Anders Eriksson (ÅF)*  
*Bertel Haarder (V)*  
*Edmund Joensen (sb)*  
*Eva Biaudet (sv)*  
*Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)*  
*Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (Frfl)*  
*Hanna Katrín Friðriksson (Vr)*

*Heli Järvinen (gröna)*  
*Jaspar Langgaard (sb)*  
*Mikko Kinnunen (cent)*  
*Mikko Kärnä (cent)*  
*Ola Elvestuen (V)*  
*Ola Johansson (C)*  
*Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)*